

# Opin gögn og birting fjárhagsupplýsinga ríkisins



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ  
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ



Forsætisráðuneytið  
Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Apríl 2013

## Opin gögn og birting fjárhagsupplýsinga ríkisins

Opin gögn og birting fjárhagsupplýsinga ríkisins  
ISBN 978-9979-820-72-7  
2013 forsætisráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Umbrot: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Nánari upplýsingar um útgáfur er að finna  
á [www.forsaetisraduneyti.is](http://www.forsaetisraduneyti.is), [www.fjarmalaraduneyti.is](http://www.fjarmalaraduneyti.is)

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	5
2	Hvað eru opin gögn? .....	6
3	Þróun málaflokksins í nágrannalöndum .....	7
4	Hvernig opna ég gögn?.....	8
5	Val á gagnasafni .....	9
6	Val á leyfisskilmála .....	10
7	Gagnasafn sett á netið.....	11
8	Gögn gerð aðgengileg.....	13
9	Tillögur .....	14
	Viðauki 1. Drög að leyfi.....	16
	Viðauki 2. Dæmi um uppsetningu CSV-skjala (comma-separated values) .....	18
	Heimildir .....	20



# 1 Inngangur

Starfshópur um opin gögn og birtingu fjárhagsupplýsinga ríkisins, sem skipaður var 10. janúar 2013, af forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, hefur lokið störfum.

Stofnað var til hópsins í ljósi örrar þróunar í stjórnsýslu undanfarin ár hvað varðar aukið aðgengi að opinberum gögnum og gagnasöfnum.

Starfshópnum var falið að tilnefna gagnasöfn, tilgreina mörk og uppfærslutíðni, velja leyfisskilmála og skilgreina með hvaða sniði og tækni væri heppilegast að gera gögn aðgengileg. Þá var hópnum falið að fjalla um möguleika á endurnotkun gagna og að kanna reynslu annarra ríkja af því að opna gögn.

Starfshópurinn skipuðu Finnur Pálmi Magnússon, sérfræðingur í upplýsingatækni, formaður, Björn Sigurðsson, vefstjóri, tilnefndur af forsætisráðherra, Rebekka Rán Samper, verkefnastjóri, tilnefnd af Þjóðskrá Íslands, Elva Björk Sverrisdóttir, upplýsingafulltrúi, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðherra, Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri, tilnefnd af innanríkisráðherra, Pétur Jónsson, sérfræðingur, tilnefndur af Fjársýslu ríkisins, Þórlaug Ágústsdóttir, sérfræðingur í upplýsingatækni, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðherra. Starfsmaður hópsins var Helgi Hjálmtýsson, vefstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Í köflunum hér á eftir er farið yfir verkefni hópsins og tillögur hans raktar um hvernig standa má að birtingu fjárhagsupplýsinga ríkisins. Starfshópurinn vonast til þess að niðurstöður hans nýtist jafnframt hverjum þeim sem áhuga hefur á að vinna að opnun opinberra gagna.

Í starfi sínu naut hópurinn aðstoðar ýmissa sérfræðinga. Þar ber helst að nefna Jón Vilberg Guðjónsson, skrifstofustjóra í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Pál Þórhallsson, skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu og Tryggva Björgvinsson, tölvunarfræðing, en þeir veittu aðstoð vegna leyfisskilmála.

Við val á gagnasniði og prófanir á skjölum nutum við aðstoðar Þorsteins Yngva Guðmundssonar, Hjálmars Gíslasonar og Páls Hilmarssonar frá DataMarket.

Starfshópurinn færir þeim þakkir.

## 2 Hvað eru opin gögn?

Samtökin The Open Knowledge Foundation hafa gefið út handbókina *Open Data Handbook* sem starfshópurinn nýtti við sína vinnu. Þar má finna eftirfarandi skilgreiningu á því hvað opin gögn eru:

Opin gögn standa öllum til boða, eru frjálts til afnota, dreifingar og endurútgáfu - í mesta lagi má gera kröfu um að heimilda sé getið og ef til vill að endurútgáfa falli undir sömu leyfisskilmála og upprunalegu gögnin.

Í *Open Data Handbook* er bent á að til að gögn falli undir hugtakið opin gögn þurfi að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- **Útgáfa:** Það er mikilvægt að gögnin séu gefin út og standi almenningi til boða á netinu án endurgjalds eða í mesta lagi gegn greiðslu sem stendur undir þeim kostnaði sem fellur til við að taka saman gögnin. Einnig er mikilvægt að gögnin séu á aðgengilegu sniði og að það sé einfalt fyrir notendur að vinna frekar með gögnin.
- **Endurútgáfa og dreifing:** Þess ber að gæta að leyfisskilmálar hamli hvorki endurútgáfu og dreifingu á gagnasöfnum né komi í veg fyrir að gögnin séu samkeyrð við önnur gögn.
- **Aðgengi:** Tryggja skal jafnt aðgengi allra að gögnunum og ekki hamla endurútgáfu eða notkun að nokkru leyti. Það að koma í veg fyrir að notandi geti haft tekjur af endurútgáfu eða að takmarka notkun við rannsóknir hefur hamlandi áhrif á dreifingu og vinnur gegn markmiði opinna gagna.

Ef þess er gætt að uppfylla þessi skilyrði þá geta myndast tækifæri sem oft eru ekki ljós eigendum og útgefendum gagnanna í upphafi. Takmarkandi leyfisskilmálar geta leitt til þess að upplýsingarnar standa líkt og ótengdir gagnaturnar og tækifærin sem skapast við samtengingu glatast.



### 3 Þróun málaflokksins í nágrannalöndum

Árið 2009 skoraði Tim Berners-Lee, upphafsmaður Internetsins, á fyrirtæki og stofnanir að opna gögn í þeim tilgangi að auka gegnsæi og bæta upplýsingaflæði samfélagsins, enda myndi næsta bylting í upplýsingatækni snúast um opin gögn og samtengd gagnasöfn.

Á þeim fjórum árum sem síðan eru liðin hefur hefur margt gerst á alþjóðavettvangi varðandi opnun opinberra gagnasafna. Þar hafa Bandaríkin og Bretland verið leiðandi. Á vefsvæðunum data.gov og data.gov.uk hafa verið birt þúsundir gagnasafna. Þar er meðal annars að finna landfræðilegar upplýsingar, skrár yfir tekjur og gjöld ýmissa stjórnsýslueininga og ótal margt annað. Þessi gögn nýtast m.a. almenningi við þekkingaröflun og þeim sem vilja þjónusta almenning, svo sem sprotafyrirtækjum.

Að sama skapi hafa orðið miklar framfarir í gagnafjölmiðlun og starfrækja margar stórar fréttastofur nú gagnavinnsluteymi sem vinna fréttæmt efni upp úr opnum gagnasöfnum. Nefna má einnig að nýlega stofnuðu Bretar sérstakan sjóð með það að markmiði að styðja sprotafyrirtæki sem vinna með opin gögn.

Á skömmum tíma hafa sprottið upp gagnagáttir fyrir lönd, borgir, fyrirtæki og stofnanir og eykst framboð af upplýsingum mjög hratt. Samhliða því er sífellt verið að þróa öflugri tæknilausnir og vinnubrögð fyrir úrvinnslu og birtingu upplýsinga sem byggja á opnum gögnum.

## 4 Hvernig opna ég gögn?

Eins og komið hefur fram var stuðst við handbókina *Open Data Handbook* og gagnasöfn opnuð samkvæmt eftirfarandi verklagi sem handbókin mælir með:

1. Velja gagnasafn
2. Velja leyfisskilmála
3. Setja gagnasafn út á netið
4. Gera gögnin aðgengileg

Starfshópurinn vann með gögn frá Fjársýslu ríkisins samkvæmt þessari aðferð. Markmið hans var jafnframt að kanna hvaða hindranir gætu fylgt opnun opinberra gagna hérlendis.

Í köflunum hér á eftir er farið í gegnum skrefin fjögur og lagðar fram hugmyndir að nánara verklagi, regluverki, tækniumhverfi og aðgengisþáttum.

Starfshópurinn getur eindregið mælt með handbókinni til leiðbeiningar öllum þeim sem huga að útgáfu gagna. Hún er gefin út af The Open Knowledge Foundation, frjálsum félagasamtökum sem hvetja til þess að gagnasöfn verði opnuð og gerð aðgengileg.

## 5 Val á gagnasafni

Í samstarfi við Fjársýslu ríkisins og fjármála- og efnahagsráðuneytið fór hópurinn yfir það hvaða gagnasöfn væri álitlegt að setja fram sem opin gögn í ljósi umfangs verkefnisins. Markmiðið var að finna tilbúna gagnapakka sem væru upplýsandi um tekjur og gjöld ríkisins og mætti opna án mikillar vinnu eða breytinga á núverandi ferlum.

Komu einna helst til álita gagnasöfn sem hafa ekki verið birt almenningi áður en hafa verið til takmarkaðar dreifingar innan stjórnslunnar. Fljótlega varð ljóst að eftirfarandi gagnasöfn féllu vel að þeim markmiðum sem sett voru í starfi hópsins varðandi virði upplýsinganna og þegar horft var til þess tíma sem hópurinn hafði til verksins og aðfanga sem til ráðstöfunar voru.

- **Mánaðaruppgjör ríkissjóðs:** Samkvæmt 40. gr. laga um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997 er meðal annars kveðið á um að í hverjum mánuði skuli tekið saman uppgjör fyrir ríkissjóð. Fjársýsla ríkisins vinnur uppgjórið og sendir út til ákveðins hóps viðtakenda í kjölfar þess að fjármála- og efnahagsráðuneytið gefur út fréttatilkynningu með helstu tölum úr uppgjörinu ásamt umfjöllun um þær. Tillaga starfshópsins er að úr mánaðaryfirlitinu verði annars vegar gert aðgengilegt yfirlit sem sýnir sundurliðun tekna ríkissjóðs og hins vegar birt yfirlit sem sýnir hagræna skiptingu gjalda ríkissjóðs.
- **Árshlutauppgjör ríkissjóðs:** Á þriggja mánaða fresti tekur Fjársýsla ríkisins saman árshlutauppgjör sem ætlað er að sýna stöðu fjármála innan ársins hjá einstökum ríkisaðilum í A-hluta ríkissjóðs. Til A-hluta ríkissjóðs fellur rekstur stofnana ríkisins sem er að stærstum hluta fjármagnaður með skatttekjum. Fjársýsla ríkisins hefur sent þetta uppgjör til þröngs hóps viðtakenda; mun færri en hafa fengið mánaðaryfirlitið sent. Staða einstakra ríkisaðila hefur fyrst verið gerð opinber þegar ríkisreikningur liðins árs er birtur. Með því að gera árshlutauppgjórið aðgengilegt undir hugtakinu opin gögn er stigið veigamikið skref í þá átt að bæta upplýsingagjöf til almennings um fjármál einstakra ríkisaðila á hverjum tíma.

## 6 Val á leyfisskilmála

Starfshópurinn skoðaði hvaða leiðir önnur lönd hafa farið við að móta leyfisskilmála fyrir opin gögn. Fljótlega kom í ljós að talsverð vinna liggur að baki mótun almennra skilmála af þessu tagi og má reikna með að svo verði einnig hér á landi.

Aðalatriði hvað varðar leyfisskilmála sem gilda um opin gögn er að þeir séu stuttir, læsilegir og auðskiljanlegir almenningi og fæli því ekki ólöglærða frá notkun gagna. Þá þarf að koma skýrt fram í leyfisskilmálum að ekki séu takmarkanir á afnotum opinna gagna sem komið gætu í veg fyrir nýsköpun eða að verðmætar afurðir sem byggjast á gögnunum verði til.

Flestir leyfisskilmálar fyrir opin gögn frá opinberum aðilum byggja á sama grunni og svonefnt *Creative Commons by Attribution*, þ.e. leyfi til að nýta viðkomandi gögn svo lengi sem heimilda er getið. Flestar opinberar stofnanir hafa þó farið þá leið að gefa út eigin leyfi (sem er þó byggt á almenna leyfinu) til að hafa betri stjórn á meðhöndlun gagnanna og einnig til að uppfylla skilyrði laga, m.a. um persónuvernd, sem geta verið mismunandi eftir löndum.

Starfshópurinn skoðaði nokkur erlend leyfi og metur það svo að breska leyfið *Open Government Licence for public Sector Information* henti vel til viðmiðunar fyrir íslenska stjórnslu. Starfshópurinn leitaði eftir leyfi frá breskum stjórnvöldum til þess að taka mið af breska leyfinu og fékkst það. Tryggvi Björgvinsson annaðist þýðingu leyfisins. Ákveðið var fyrsta skrefið yrði að útbúa sérstakt leyfi fyrir gögn frá Fjársýslu ríkisins með hliðsjón af því breska. Drög að leyfinu liggja nú fyrir og eru þau birt í viðauka. Vonir standa til að þau komi að gagni þegar mótað verður almennt leyfi fyrir opinbera aðila á Íslandi.

## 7 Gagnasafn sett á netið

Þegar gögn og gagnasöfn eru sett út á netið þarf að huga vel að tæknilegri útfærslu og aðgengi notenda að gögnunum. Þær þjóðir sem lengst eru komnar í þessum málum hafa allar farið þá leið að opna miðlægt svæði með góðri leitarvél og tilvísunum sem auðvelda almenningi og þjónustuaðilum að nálgast öll opin gögn á einum stað.

Eftir að hafa litið á allar hliðar málsins var það samdóma álit hópsins að eðlilegast væri að hýsa slíkt gagnasvæði hjá island.is undir lénum á borð við gogn.island.is eða www.opingogn.is.

Eins var ljóst að hentugasta tæknilausnin væri CKAN-kerfið sem er notað af Bretum, Evrópusambandinu og fjölda annarra landa og borga um allan heim. Bandaríkin hafa gefið út áætlun um að flytja sig úr eigin lausn yfir í CKAN-kerfið<sup>1</sup>.

CKAN-kerfið er öflugt og notendavænt kerfi sem er hannað og haldið við af The Open Knowledge Foundation. CKAN-kerfið fellur undir opinn hugbúnað og ekki þarf að greiða leyfisgjöld fyrir notkun þess. Einnig er öflugt samfélag forritara sem stuðlar að stöðugri þróun kerfisins og því er ljóst það mun styðja staðla og verkefni sem Evrópusambandið og aðrir munu tileinka sér á komandi árum.


Hópurinn mælir með að notast verði við CSV-skráarsnið (*comma-separated values*) fyrir tölfraðilegar upplýsingar og finna má dæmi um uppsetningu skjala á því sniði í viðauka. Þetta eru aðgengilegar skrár þar sem gildi eru aðskilin með kommu og hægt er að opna þær í öllum helstu gagnavinnsluforritum. Einnig er mælt með að umlykja gildi með gæsalöppum og nota UTF-8 stafasett til að tryggja stuðning við séríslenska stafi.

Áður en útgáfa gagna getur hafist þarf að gæta vel að því að ferlar verkefnisins séu vel skilgreindir.

Mynd hér neðar sýnir hvernig gögn ættu að fara frá Fjársýslu ríkisins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins og svo út á vefinn.

---

<sup>1</sup> Bourrie, Sally. „CKAN: the Horizon for Data.gov 2.0.“ *Data.gov, Empowering People*, 28. janúar 2013. <http://www.data.gov>.<http://www.data.gov/blog/ckan-horizon-datagov-20>.



*Ferlamynd: Útreikningar Fjársýslu ríkisins eru sendir til fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem frekari úrvinnsla fer fram og fréttatilkynning er gefin út, að því loknu sendir Fjársýslan CSV-skrár til birtingar á gogn.island.is og www.fjs.is.*

Mælt er til að þrjú skjöl verði gefin út með reglulegu millibili:

- Mánaðarlegt yfirlit yfir tekjur ríkissjóðs eftir hagrænni skiptingu
- Mánaðarlegt yfirlit yfir gjöld ríkissjóðs eftir hagrænni skiptingu
- Árshlutauppgjör - rekstrarreikningur eftir ráðuneytum, gefið út á þriggja mánaða fresti

Þá verði hvert skjal uppfært mánaðarlega eða ársfjórðungslega með eftir því sem við á með nýjum dálki fyrir mánuð / ársfjórðung.

Þá verður til eitt skjal fyrir hvert ár.

Nú þegar er keyrandi útgáfa af CKAN 2.0 til prufu hjá island.is og verða skjölin aðgengileg þar við útgáfu þessarar skýrslu (gogn.island.is).

## 8 Gögn gerð aðgengileg

Opin gögn eru lítils virði ef þau eru ekki nýtt. Þetta er rakið í *Open Data Handbook*<sup>2</sup>, og þannig undirstrikað hversu brýnt er að tryggja gott aðgengi þegar unnið er að því að opna gögn. Hluti af því sem þar vegur þyngst hefur verið rakinn að framan. Þar má nefna að huga þarf að því að sú tækni sem nýtt er sé með þeim hætti að auðvelt reynist að vinna með gögnin og að þeir leyfisskilmálar sem settir eru stuðli að notkun opinna gagna. Ennfremur má nefna mikilvægi þess að gögnin séu aðgengileg án endurgjalds, eða í mesta lagi gegn greiðslu fyrir lágmarkskostnaði.

Eigi að vera hægt að nýta opin gögn er mikilvægt að fólk viti af tilvist þeirra. Starfshópur um opin gögn og birtingu fjárhagsupplýsinga ríkisins lagði áherslu á að kynna þær hugmyndir sem hann vann með fyrir sérfræðingum í upplýsingatækni, stjórnsýslunni og almenningi.

Hér má nefna samstarf hópsins við fyrirtækið DataMarket, sem kom með ábendingar og gaf viðbrögð við tillögum hópsins. Aðkoma DataMarket að verkefninu ætti einnig að tryggja að aðgengi fyrir notendur, fyrirtæki og almenning verði með besta móti, enda hefur DataMarket lagt áherslu á að vinna úr talnaupplýsingum og birta á myndrænu og aðgengilegu formi.

Meðan á vinnu hópsins stóð var áhersla lögð á að kynna verkefni hans í því skyni að efla meðvitund og umræðu um opin gögn og birtingu fjárhagsupplýsinga.

Verkefni hópsins voru kynnt á vefsíðu sem sett var upp vegna vinnunnar (opingogn.wordpress.com). Þar var fjallað almennt um opin gögn og framgang verkefna hópsins og fundargerðir hans birtar. Á vefinn var auk þess sett tilraunaútgáfa af birtingu mánaðaryfirlits Fjársýslunnar út frá tillögu hópsins.

Einnig var verkefnið var kynnt á fundum, í fjölmiðlum og á netinu. Nefna má fund á vegum The Open Knowledge Foundation sem haldinn var 30. janúar, en þar kynnti formaður starfshópsins, verkefni hans. Fjármála- og efnahagsráðherra skrifaði grein um opin gögn og verkefni starfshópsins sem birtist í Fréttablaðinu um miðjan febrúar. Í kjölfarið var fjallað um málið í fréttum og rætt var um opin gögn í fyrirspurnartíma á Alþingi. Í heimildaskrá er að finna tengla á umfjöllun þar sem þeir eru fyrir hendi.

Opin gögn koma helst fyrir sjónir almennings fyrir tilstilli milliliða á borð við fjölmiðla eða upplýsingatæknifyrirtæki. Því teljum við mikilvægt að ríkið haldi úti þjónustu við stofnanir sem vilja opna gögn auk þess að halda góðum tengslum við og hvetja til afnota af gagnapökkum sem verða opnaðir. Því mælum við sérstaklega með því að komið verði á fót stöðu verkefnisstjóra fyrir áframhaldandi opnun gagna, og til að tryggja góð samskipti við stofnanir, notendur og grasrótina sem vinnur með gögnin.

---

<sup>2</sup> „Make data discoverable.“ *The Open Data Handbook*. <http://opendatahandbook.org/en/how-to-open-up-data/make-it-discoverable.html>.

## 9 Tillögur

Lagt er til að:

- Fjársýsla ríkisins opni aðgengi að gögnum úr mánaðar- og árshlutauppgjöri fyrir A- hluta ríkissjóðs eigi síðar en 15. apríl 2013. Gögnin verði opnuð með leyfisskilmálum sem finna má í viðauka.
- Auk þess að birtast á vef Fjársýslunnar verði gögnin birt á gátt fyrir opin gögn hjá Þjóðskrá Íslands. Mótaðir verði ferlar til að tryggja áframhaldandi birtingu upplýsinganna og tilnefndir verði tengiliðir verkefnisins hjá Fjársýslu ríkisins, Þjóðskrá Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Frekari tillögur:

- Opnun gagnasafna í vörslu opinberra aðila verði forgangsverkefni í nýrri stefnu um upplýsingasamfélagið. Hafa má hliðsjón af lista sem birtur er hér neðar um gagnagrunna sem æskilegt er að opna sem fyrst. Skipaður verði verkefnisstjóri til að stuðla að framgangi verkefnisins.
- Starfshópurinn mælir eindregið með að mótað verði almennt leyfi fyrir opin gögn á Íslandi og verði það eins læsilegt fyrir almenna borgara og kostur er. Ráðuneyti og stofnanir gætu nýtt sér það leyfi við birtingu opinna gagna eða þróað eigin leyfi á grundvelli þess. Við mótun þess bæri að líta til leyfa á borð við það breska, en einnig að huga t.d. að leyfisskilmálum sem settir hafa verið fyrir opin gögn á Norðurlöndunum.

Önnur gagnasöfn:

Í starfi hópsins voru ræddar hugmyndir um fleiri gagnasöfn sem ætla má að raunhæft sé að opna í framhaldinu. Þar má nefna frekara niðurbrot á rekstrartölum ráðuneyta. Með tíð og tíma mætti svo skoða frekari nálgun á fjárhagsupplýsingar ríkisins í líkingu við þær upplýsingar sem má finna á breska vefnum data.gov.uk.

Sem dæmi um fjárhagsupplýsingar sem teknar eru saman hjá Fjársýslu ríkisins og mætti opna á sama sniði og lagt var til fyrir tekjur og gjöld má nefna:

- Frávik gjalda frá fjárheimildum flokkað eftir ráðuneytum og stofnunum
- Fjárheimildir ráðuneyta og stofnana
- Rekstrarreikningur ráðuneyta og stofnana
- Efnahagsreikningur ráðuneyta og stofnana

Við opnun fleiri gagnasafna mælum við með að velja þau söfn sem einfaldast er að opna fyrst og takast svo á við söfn sem er flóknara að gefa út.

Með leyfisskilmálum og tæknilegu umhverfi fyrir útgáfu gagna er tveimur helstu hindrunum fyrir útgáfu gagna og gagnasafna rutt úr vegi.



Helstu hindranir sem standa eftir í vegi fyrir opnun gagna snúa að tæknilegum aðgangi eða forvinnslu og yfirlestri gagna sem krefjast persónuverndar eða njóta lagaverndar af öðru tagi.

Enn og aftur mælum starfshópurinn með *Open Data Handbook* sem leiðarvísi fyrir frekari opnun gagna.

## Viðauki 1. Drög að leyfi

### Drög að leyfi, samkvæmt 31. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, fyrir opin gögn frá Fjársýslu ríkisins

Höfð var hliðsjón af breska leyfinu „Open government licence“  
[www.nationalarchives.gov.uk/doc/open-government-licence](http://www.nationalarchives.gov.uk/doc/open-government-licence).

Þú ert hvött/hvattur til að nota og endurnýta þær upplýsingar sem eru gerðar aðgengilegar samkvæmt þessu leyfi, að uppfylltum eftirfarandi skilmálum.

#### Notkun upplýsinga með þessu leyfi

Með notkun efnis sem hefur verið gert aðgengilegt samkvæmt þessu leyfi (hér eftir kallað „upplýsingarnar“) telst þú hafa samþykkt eftirfarandi skilmála og skilyrði.

Fjársýsla ríkisins gefur þér ótímabundið leyfi til varanlegrar notkunar upplýsinganna hvar sem er, án gjaldtöku og gefur eftir einkarétt sinn, sé honum til að dreifa, að uppfylltum skilyrðunum hér fyrir neðan.

Þetta leyfi skerðir ekki réttindi notenda skv. 2. kafla höfundalaga nr. 73/1972 um takmarkanir á höfundarétti.

#### Þú færð leyfi til að:

- afrita, birta, dreifa og senda upplýsingarnar,
- aðlaga upplýsingarnar og
- endurnýta upplýsingarnar í hagnaðarskyni til dæmis með því að setja þær saman við aðrar upplýsingar eða með því að hafa upplýsingarnar sem hluta af þinni vöru eða hugbúnaði.

#### Þú verður, þegar þú gerir eitthvað af ofantöldu, að:

- láta koma fram að þær upplýsingar sem byggt er á stafi frá Fjársýslu ríkisins með eftirfarandi texta: *Byggt á gögnum frá Fjársýslu ríkisins*. Einnig skal vísa í þetta leyfi þar sem því verður við komið.

#### Gættu að því að:

- þú notir ekki upplýsingarnar með þeim hætti að þú gefir til kynna að þú sért í opinberri stöðu eða að upplýsingaveitandinn samþykki þig sérstaklega sem notanda eða notkun þína á upplýsingunum;
- þú villir ekki um fyrir öðrum eða birtir upplýsingarnar eða getir um uppruna þeirra með villandi eða röngum hætti;
- notkun þín á upplýsingunum stangist ekki á við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 eða 6. gr. upplýsingalaga um gögn sem eru undanþegin upplýsingarétti almennings.

Ef þú fylgir ekki þessum skilyrðum eru réttindi þín samkvæmt þessu leyfi sjálfkrafa afturkölluð.

## Undantekningar

Þetta leyfir nær ekki til notkunar á:

- persónuupplýsingum;
- einkennismerki opinberra aðila eða skjaldarmerki nema þar sem þau geta talist mikilvægur hluti af skjalinu eða gagnasafninu;
- réttindinum þriðja aðila sem Fjársýslan hefur ekki heimild til að gefa út undir þessu leyfi.

## Engin ábyrgð

Fjársýslan er undanskilin fyrirsvári, ábyrgð, skyldum og skaðabótum í tengslum við upplýsingarnar að því marki sem lög leyfa.

Fjársýslan ber ekki ábyrgð á neinum villum eða vanskráningu í upplýsingunum og skal ekki vera ábyrg fyrir neinu tapi, meiðslum eða skaða sem hlýst af notkun þeirra. Fjársýslan ábyrgist ekki áframhaldandi aðgengi að upplýsingunum.

## Gildandi lög

Þetta leyfi er háð lögum í því lagaumhverfi þar sem upplýsingaveitandinn hefur aðsetur nema annað sé tekið fram af upplýsingaveitandanum.

## Skilgreiningar

Í þessu leyfi hafa orðin hér fyrir neðan eftirfarandi merkingu:

„upplýsingar“

stendur fyrir þær upplýsingar sem falla undir höfundarétt eða vernd gagnagrunna (til dæmis bókmennta- eða listaverk, efnisinnihald, gögn eða frumkóta hugbúnaðar) sem eru gefin út samkvæmt skilmálum þessa leyfis.

„nota“

sem sagnorð, stendur fyrir framkvæmd þeirra aðgerða sem eru varðar með höfundarétti eða vernd gagnagrunna, hvort sem er með upprunalegum miðli eða öðrum miðli og felur í sér takmörkun á dreifingu, fjölfjöldun, aðlögun og breytingum sem eru tæknilega nauðsynlegar til notkunar með öðrum hætti eða á öðru sniði.

„þú“

stendur fyrir einstakling eða lögaðila eða hóp slíkra aðila sem fær þau réttindi sem leyfið veitir.



Rekstrar- og neyslutilfærslur,Aðrar rekstrar og  
neyslutilfærslur,3069628778,2590160886,2464430078,2676235828,3032246287,3407931640,3  
314169158,2617495420,3885242188,3132992706,3224143655,8010597141  
Viðhald,Vegagerðin,86090774,59606178,145308804,96989862,215915170,634905740,974230  
661,798385826,669421424,414215873,265262170,161058451  
Viðhald,Fasteignir  
ríkissjóðs,63803106,136803077,197031155,214989406,206484217,249478154,299468400,260  
672371,247776271,238167221,196041452,271770208  
Viðhald,Annað  
viðhald,108540462,186444048,48777520,428231940,388642660,134797640,136943147,13305  
5604,185886992,-262450258,31186826,699518836  
Fjárfesting,Vegagerðin,104733519,237093528,277158931,185911184,292166454,593252292,6  
67795916,489278322,676027164,603921491,435657122,628345098  
Fjárfesting,Skólar,26401665,18323203,34771784,9222595,30721530,57185881,55560886,863  
4676,263758028,141399987,219840749,386226427  
Fjárfesting,Sjúkrahús og  
heilsugæslustöðvar,25768894,69322743,14355911,44174217,16056061,126535928,76563878,  
81113700,47442191,398434069,151617199,945692074  
Fjárfesting,Hafnamál,9312791,51594357,44265527,56656546,88746029,36963918,84161701,8  
0221206,57088747,38701423,39069565,138442662  
Fjárfesting,Annað,30871772,55004621,190604930,40118116,186898224,469608035.000001,3  
13982141,161235172,299262076,138908413,256607262,3080140412  
Gjöld alls,Gjöld  
alls,43318970720,42442246676,40666812732,45514706785,45141568082,51484172163,41485  
954304,52502224318,39518569212,44385067130,44176913939,55652250497

## Heimildir

### *Handbækur*

- The Open Knowledge Foundation. „The Open Data Handbook.“  
<http://www.opendatahandbook.org>.
- Tauberer, Joshua. „The 8 Principles of Open Government Data“.  
<http://www.opengovdata.org/home/8principles>.
- The World Bank Group. „Open Government Data Toolkit“. <http://data.worldbank.org/open-government-data-toolkit>.
- The World Wide Web Consortium. „Publishing Open Government Data“. Síðast breytt 8. september 2009. <http://www.w3.org/TR/gov-data>.

### *Opin gögn nokkra landa og stofnana*

- DataCatalogs.org. „A comprehensive list of open data catalogs curated by experts from around the world“. <http://www.datacatalogs.org>.
- Direktoratet for forvaltning og IKT (Difi). „Data.Norge.no. Åpne offentlige data i Norge“.  
<http://data.norge.no>.
- European Commission. „Open Data Portal, Beta. The Open Data Hub of the European Union.“  
Síðast uppfært 25. febrúar 2013. <http://open-data.europa.eu>.
- Gobierno de Chile. „Portal de Datos Públicos“. <http://datos.gob.cl>.
- Government of Ghana. „The Ghana Open Data Initiative, Open Data Portal, Beta“.  
<http://data.gov.gh>.
- Government of Canada. „Open Data.“ <http://www.data.gc.ca>.
- Her Majesty's Government. Data.Gov.uk, Beta, Opening Up Government. <http://data.gov.uk>.
- Saudi Arabia. „Open Government Data.“  
<http://www.saudi.gov.sa/wps/portal/yesserRoot/aboutKingdom/openGovernmentData>.
- Socrata. „Open Data Field Guide“. <http://www.socrata.com/open-data-field-guide>.
- United States Government. „Data.gov, Empowering People“. <http://www.data.gov>.
- United States Government. „Data.gov, Open Data Sites“. <http://www.data.gov/opendatasites>.
- World Wide Web Foundation. „Introducing the Open Data Index“.  
<http://www.webfoundation.org/2012/09/introducing-the-open-data-index>.

### *Leyfisskilmálar*

- Creative Commons. „Creative Commons.“ <http://creativecommons.org>.
- The National Archives. „Open Government License for public sector information“.  
<http://www.nationalarchives.gov.uk/doc/open-government-licence>.
- The Open Knowledge Foundation. „Open Data Commons“. <http://opendatacommons.org>.
- The Open Knowledge Foundation. „The Open Definition. Version 1.1.“  
<http://opendefinition.org/okd>, <http://opendefinition.org/okd/islenska>.

### *Tækni*

- The Open Knowledge Foundation. „ckan - the open source data portal software.“  
<http://ckan.org>.
- India and United States. „Open Government Platform“. <http://www.opengovplatform.org>.

## Reynsla annarra

- Alonso, José Manuel. „Open Government Data (approaches, concerns and barriers, lesson learned).“ 10.-11. maí 2011. <http://www.slideshare.net/cticod/open-government-data-approaches-concerns-and-barrierslessons-learned>.
- Torkington, Nat. „Rethinking Open Data. Lessons learned from the Open Data front lines.“ *O'Reilly Media, Inc.*, 2. febrúar 2010. <http://radar.oreilly.com/2010/02/rethinking-open-data.html>.
- „Lessons Learned Building an Open-Data Movement in Montreal.“ *Next Montreal*, 21. september 2011. <http://nextmontreal.com/2011/09/21/lessons-learned-building-an-open-data-movement-in-montreal>.
- United States Government. „Data.gov, 2012 International Open Government Data Conference“. <http://www.data.gov/communities/conference>.
- The World Bank Group. „International Open Government Data Conference 2012 – Liveblog & webcast“. <http://live.worldbank.org/international-open-government-data-conference-2012-liveblog-webcast>.
- World Wide Web Foundation. „Launching Research: Exploring the Emerging Impacts of Open Data in Developing Countries“. <http://www.webfoundation.org/2013/02/launching-research-exploring-the-emerging-impacts-of-open-data-in-developing-countries-oddc/>.

## Um gagna-blaðamennsku og notkun opinna gagna

- The Open Knowledge Foundation. „The Data Journalism Handbook, 1.0 Beta.“ <http://datajournalismhandbook.org/1.0/en>.

## Umfjöllun um opin gögn og birtingu fjárhagsupplýsinga ríkisins í tengslum við verkefni starfshópsins

- „Aðgangur fjárlaganefndar að gögnum.“ *Alþingi*, 141. löggjafarþing - 83. fundur, 19. febrúar 2013. <http://www.althingi.is/altext/141/02/119134620.shtml>
- Katrín Júlíusdóttir. „Opin gögn og upplýst þjóð“. *Fréttablaðið*, 14. febrúar 2013. <http://www.visir.is/opin-gogn-og-upplyst-thjod/article/2013702149989>.
- Opin gögn. „Vefur hóps sem vinnur að því að birta fjárhagsupplýsingar ríkisins.“ <http://opingogn.wordpress.com>.
- Ólafur Þ. Stephensen. „Ekkert að fela.“ *Fréttablaðið*, 21. febrúar 2013. <http://www.visir.is/ekkert-ad-fela/article/2013702219897>.
- „Verði opinbert hvernig skattfé er varið.“ *Ríkisútvarpið*, 14. febrúar 2013. <http://www.ruv.is/frett/verdi-opinbert-hvernig-skattfe-er-varid>.
- Viðtal í Morgunútvarpinu við Finn Pálma Magnússon og Þórlaugu Ágústsdóttur um opin gögn og verkefni starfshópsins. *Ríkisútvarpið, Rás 2*, 22. febrúar 2013.
- „Vill opna öll gögn um fjármál ríkisins.“ *Fréttablaðið*, 20. febrúar 2013. <http://www.visir.is/vill-opna-oll-gogn-um-fjarmal-rikisins/article/2013702209947>.
- „Vill veita almenningi aðgang að bókhaldi ríkisins.“ *Viðskiptablaðið*, 19. febrúar 2013. <http://www.vb.is/frettir/81076>.









FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ  
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ